

GJALDSKRÁ

fyrir Stykkishólmshöfn.

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólmshöfn er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

II. KAFLI Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykkt um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Þjónustutími hafnarinnar.

4. gr.

Opnunartími hafnarvogar frá 1. ágúst til 14. maí er frá kl. 8.00 til kl. 17.00 alla virka daga.

Opnunartími hafnarvogar frá 15. maí til 31. júlí er til kl. 21.00 á virkum dögum og 13.00-19.00 á helgum til að koma til móts við þarfir smábátaeigenda. Hafnarstjórn getur ákveðið aukna sumaropnun miðað við aðstæður og aflabrogð hverju sinni.

Sé óskað eftir þjónustu hafnar eftir lokun á virkum dögum (eftir kl. 21.00 að sumarlagi) og um helgar skal erindi þess efnis hafa borist hafnarstarfsmanni klukkutíma fyrir lokun hafnarinnar.

Skipagjöld.

5. gr.

Lestargjald:

Fiskiskip skulu greiða lestargjald en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald 21,30 kr., skv. 2. gr., við hverja komu til hafnar.

Af öllum skipum nema smábátum.

Bryggjugjald:

Bryggjugjald miðast við hverja byrjaða 24 klst.

10,69 kr. pr. brt af öllum skipum nema smábátum.

Fiskiskip sem skila aflagjaldi til Stykkishólmshafnar greiða þetta gjald eigi oftar en 15 sinnum í mánuði.

Heimilt er að leggja á allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffærisskírteinis í a.m.k. 6 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem óska eftir langtíma viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar sem ekki er í einkastæði.

Bryggjugjöld fyrir smábáta við smábátabryggjur.

10.089 kr. pr. mánuð, báta minni en 10 brt (almenn viðlegupláss smábátabryggju)

Báta sem ekki skila aflagjaldi greiða 11.787 kr.

10.690 kr. pr. mánuð, báta 10 brt til 50 brt.

Báta sem ekki skila aflagjaldi greiða 12.293 kr.

14.110 kr. pr. mánuð, báta 51 brt til 100 brt.

160.400 kr. pr. ár, bryggjugjöld í einkastæði, skipt á 2 gjalddaga. (básar, smábátabryggju).

Básur er úthlutað skv. biðlistum og má greiðandi einn nota básinn.

Bátar sem skila aflagjöldum hafa forgang.
Óheimilt er að framleigja/lána úthlutaða bása, nema annað fyrirkomulag sé samþykkt af hafnarverði.

19.242 kr. pr. mánuð greiðast fyrir legubáta 0 til 50 brt sem ekki hafa haffærisskírteini í 6 mánuði eða lengur.

890 kr. greiðast fyrir hvern legudag fyrir skútur og skemmtibáta.

Bryggjugjöld fyrir skemmtiferðaskip.

Stykkishólmshöfn tekur við bókunum þrjú ár fram í tímann, frá áramótum að telja.

Við afbókun á komu skemmtiferðaskipa gildir eftirfarandi:

Afbókun innan við 18 mánuðum fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 5% af bryggjugjöldum.

Afbókun innan við 12 mánuðum fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 15% af bryggjugjöldum.

Afbókun innan við 6 mánuðum fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 30% af bryggjugjöldum.

Afbókun innan við 3 mánuðum fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 50% af bryggjugjöldum.

Afbókun innan við 48 klst. fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 100% af bryggjugjöldum.

Undanþegið bryggjugjaldi er þegar afbókun er gerð innan við 48 klst. fyrir áætlaðan komutíma vegna slæmra veðurskilyrða.

Afbókunargjald leggst ekki á breytingar á dagsetningum og/eða skipum svo framarlega sem unnt er að verða við slíkri beiðni.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Hafnarsjóðs Stykkishólms-hafnar vegna álagningar vörugjalda.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarahöfn.

9. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir sem endursendar eru.
- b. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c. Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d. Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 469 fyrir hvert tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, þörungamjöl, þang og þari, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 556 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 851 fyrir hvert tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
Vélar og tæki hvers konar og varahlutir þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
4. fl.: Gjald kr. 2.207 fyrir vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
5. fl.: Aflagjald 1,60% hlutfall af heildarverðmæti.
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
Gjald af frystum afla veiðiskipa og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.
Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.
Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.
Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs.

Úrgangs og förgunargjald.

12. gr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð nr. 1200/2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Stykkishólsmshöfn taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 24 klst fyrir komu til hafnar.

Fyrir öll skip sem falla undir 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skal greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- A. *Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,93 kr. á brt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 8.506. Hámarksgjald kr. 36.455.
- B. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á sama almanaksári greiða hálf gjald samkvæmt a-lið fyrir fjórðu komu og komur eftir það.
- Úrgangsgjald á brúttótonn, 0,97 kr.
 - Úrgangsgjald – lágmark, 8.871 kr.
 - Úrgangsgjald – hámark, 37.669 kr.
- Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum.
- C. *Förgunargjald:*
Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er 13.500 kr. á hvern rúmmetra og að lágmarki fyrir einn rúmmetra.

Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila í samræmi við eftirfarandi:

- 3.645 kr., bátar að 20 brt á mánuði (innlend skip)
- 8.498 kr., bátar 20-200 brt á mánuði (innlend skip)
- 4.031 kr., bátar yfir 200 brt á mánuði (innlend skip)
- 14.378 kr. fyrir hverja einstaka losun (innlend skip)

Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða skv. tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

Fiskiskip, skemmtibátar sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskip, hjálparskip í flota, skip sem þjónusta fiskeldi og skip í ríkiseign eða ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sem koma til hafnar skulu greiða eftirfarandi gjald fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum:

Gjald fyrir sorpeyðingu reiknast miðað við brúttótonnatölu skipa og báta og er eftirfarandi:

0-20 brt	3.645 kr. pr. mánuð
21-50 brt	5.103 kr. pr. mánuð
51-100 brt	8.020 kr. pr. mánuð
101-200 brt	10.451 kr. pr. mánuð
201 brt og yfir	17.012 kr. pr. mánuð

Vatnssala.

13. gr.

Gjald fyrir vatn afgreitt frá bryggju er miðað við brúttótonnatölu skipa og báta eða innheimt skv. mæli og er eftirfarandi:

Samkvæmt mæli 400 kr./tonn

0-20 brt	3.645 kr. pr. mánuð
21-50 brt	6.806 kr. pr. mánuð
51-100 brt	12.397 kr. pr. mánuð
101-200 brt	20.657 kr. pr. mánuð
201 brt og yfir	45.083 kr. pr. mánuð

Afgreiðslugjald, dagvinna 6.198 kr.

Afgreiðslugjald, næturvinna 11.544 kr.

Utan hefðbundins vinnutíma 23.928 kr. fyrir útkall

Lágmarksgjald við tengingu og aðgang að vatni miðast við 15 tonn á mánuð.

Vigtargjald.

14. gr.

- a. 327 kr. fyrir almenna vigtun, hvert byrjað tonn.
 - b. 2.064 kr. er lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun.
 - c. 347 kr./tonn er skráningargjald í Gafli á afla sem ekki kemur á vog.
 - d. 3.889 kr. fyrir vigtun ökutækja og vagna.
 - e. 23.928 kr. fyrir útkall vigtarmanns.
 - f. 8.000 kr./klst. fyrir yfirvinnu vigtarmanns.
 - g. 3.000 kr./klst. er lágmarksgjald vigtarmanns.
- Eftir klukkan 17.00 frá 1. ágúst til 14. maí er greitt að lágmarki fjögurra tíma útkall.
Milli kl. 17.00 og 21.00 og milli kl. 13.00-19.00 á helgum frá 15. maí til 31. júlí greiðist að hámarki á hvern bát hálf gjald eða tveggja tíma útkall.
Eftir klukkan 21.00 frá 15. maí til 31. júlí er greitt að lágmarki fjögurra tíma útkall.
Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip komi fleiri en eitt inn til löndunar á sama tíma.
Ef óskað er eftir þjónustu/vigtun á stórhátíðardögum eða sérstökum frídögum er greitt tvöfalt gjald.

Hafnsögu- og festargjöld.

15. gr.

Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi:

- a. kr. 10,69 á brt í hafnsögugjald að bólvirki eða lægi. Sama gjald greiðist frá bólvirki eða lægi.
- b. 9.503 kr. í hafnsögugjald, fastagjald á tímaeiningu fyrir leiðsögn hafnsögumanns við siglinga-tölvu til og frá höfn.
- c. 49.281 kr. fyrir hverja byrjaða klst. fyrir flutning hafnsögumanns til og frá skipi. Lóðsbátur (e. pilotboat).
- d. Festargjald:
19.443 kr. utan opnunartíma hafnar.
19.443 kr. fyrir hvern starfsmann í hvert skipti.

Raforkusala.

16. gr.

Ekki er leyfilegt að tengjast við rafmagn nema rafmagnsmælir sé notaður til aflestrar á notkun og hún sé tilkynnt til hafnarvarðar.

Smábátar sem ekki gefa upp rafmagnsstöðu greiða fyrir 25 kW á sólarhring.

- a. Raforkusala er innheimt skv. mæli, 20,30 kr./kWst.
- b. Lágmarksgjald miðast við 300 kWst., 6.015 kr.
- c. Tengigjald fyrir tengingu við rafmagn er 3.768 kr.

Kranagjald.

17. gr.

Kranagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi:

- a. Kranagjald smábáta:
683 kr. fyrir hvert byrjað tonn.
- b. Kranagjald grásleppubáta:
9.494 kr. pr. mánuð.

Ýmis leigugjöld og önnur þjónusta.

18. gr.

- a. 150 kr./m² er leiga á Skipavíkurhöfn. Greitt sem mánaðargjald.
- b. 45.000 kr. fyrir notkun stórra fríholta, hver koma.

c. 28.000 kr. fyrir notkun á landgangi, á dag.

Leigutaki greiðir fyrir uppsetningu, niðurtöku, flutning á landgöngum sem og landgangspöllum kr. 250.000.

Leiga á landgöngum sem eru 10–14 metrar: kr. 77.081 fyrir hverjar byrjaðar 24 klst.

Leiga á landgöngum yfir 14 metrum: kr. 106.811 fyrir hverjar byrjaðar 24 klst.

Leiga á landgangspalli: kr. 106.811 fyrir hverjar byrjaðar 24 klst.

Leiga á sérstökum friholtum til skipa: kr. 49.552 á hvert friholt, fyrir hverjar byrjaðar 24 klst.

Fyrir netaðgang og uppsetningu greiðast kr. 52.000 fyrir hverja tengingu.

Leiga fyrir óskilgreint geymslusvæði á hafnarsvæði sem hafnarvörður hefur samþykkt, hvort sem um er að ræða fyrir gáma, veiðarfæri eða bát, skal vera 150 kr. á fermetra á mánuði.

Lágmarksgjald fyrir geymslusvæði og skammtímaleigu skal vera kr. 16.646 á mánuði.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Heimilt er hafnarvörðum að fjarlægja þannig búnað á kostnað eiganda eða beita sektum allt að kr. 8.078 á sólarhring sé óskum um að fjarlægja hann ekki sinnt.

Mengunarvaldur skal greiða allan kostnað við hreinsun vegna mengunaróhappa samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafis og stranda. Þar getur m.a. verið um að ræða kostnað vegna vinnu slökkviliðs, vinnu starfsmanna, kostnað vegna notkunar á búnaði og nauðsynlegum efnum til hreinsunar.

Hafnarverndargjald/siglingavernd (ISPS).

19. gr.

Við komu skipa, sem falla undir ákvæði laga um siglingavernd nr. 50/2004, ber að greiða eftirfarandi gjöld.

a. 56.657 kr. fastagjald.

Öryggisgjald á hverja skipakomu fyrir erlend skip (skemmtiferðaskip og flutningaskip).

b. Gjald fyrir farþegavernd: kr. 266 per farþega á skemmtiferðaskipi.

c. Gjald fyrir öryggisgæslu:

a) 7.226 kr. fyrir öryggisvörð í dagvinnu, á klst.

b) 11.544 kr. fyrir öryggisvörð í næturvinnu, á klst.

Farþegagjald.

20. gr.

Farþegagjald skal greiða af hverjum farþega ferðaþjónustubáta og skemmtiferðaskipa. Gjaldið er kr. 233. Skipstjóri, umboðsmaður eða eigandi farþegaskips skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

21. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Þjónustugjöld skv. 2. og 13. gr. eru innheimt að fullu ef þjónustudagar eru 10 eða fleiri í mánuði, fyrir færri en 10 daga greiðist hálf mánaðargjald.

Á öll gjöld skv. gjaldskrá þessari leggst 24% vsk., að undanskildum gjöldum skv. 19. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

22. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Stykkishólms-hafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteininum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

23. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt.

24. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Gildistaka.

25. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólmshöfn er samþykkt af hafnarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms 22. nóvember 2023 og af bæjarstjórn sveitarfélagsins 14. desember 2023 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerð um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þá brott gjaldskrá fyrir Stykkishólmshöfn nr. 1565/2022.

Stykkishólmi, 15. desember 2023.

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson bæjarstjóri.